



Aganefnd HSÍ | Úrskurður 20.11. '18

Úrskurður aganefndar 20. nóvember 2018

Eftirtalin mál lágu fyrir og voru tekin til úrskurðar:

1. Steinar Dúi Jónsson leikmaður Fjölnis/Fylkis 2 hlaut útilokun með skýrslu vegna grófrar óíþróttamannslegrar hegðunar í leik Stjörnunnar og Fjölnis/Fylkis í 3fl. ka. þann 10.11.2018. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:10 a). Á síðasta fundi aganefndar var leikmaðurinn úrskurðaður í eins leiks bann en málinu var að öðru leiti frestað til næsta fundar aganefndar. Greinargerð frá Fjölni barst vegna málsins. Með tilvísun í 10. gr. reglugerðar HSÍ um agamál og í ljósi eðlis og alvarleika þess atviks sem um ræðir er það niðurstaða aganefndar að leikmaðurinn er úrskurðaður tímabundið bann til 31.12.2018. Aganefnd vekur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar.
2. Sigurður Jónsson leikmaður Hauka 2 hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik Hauka 2 og Fram í 3fl. ka. þann 14.11. 2018. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 b). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það því niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.
3. Jón Hjálmarsson leikmaður Próttar hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik FH U og Próttar í mfl. ka. þann 16.11. 2018. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 a). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það því niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.
4. Ásbjörn Friðriksson leikmaður FH hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik Vals og FH í mfl. ka. þann 19.11. 2018. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 c) en þar sem brotið á sér stað á seinustu þrjátíu sekúndum leiksins er vísað til reglu 8:10 d). Með tilvísun í 10. gr. reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að leikmaðurinn er úrskurðaður í eins leiks bann. Aganefnd vekur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar.

Úrskurðurinn tekur gildi á hádegi fimmtudaginn 22. nóvember 2018.

Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Úrskurðinn kváðu upp Sverrir Pálmason, Arnar Kormákur Friðriksson og Arnar Þór Sæþórsson.

